

Fundargerð

8. fundur í fræðslu- og menningarnefnd, 1. mars kl. 17:00.

Mætt voru: Guðni Örn Hauksson, Hilma Steinarsdóttir, Jóhannes S. Jónsson, Drífa Aradóttir, Steinunn Guðnadóttir, Rósa Magnúsdóttir, María Guðmundsdóttir og Sigurður Ragnar Kristinsson.

Dagskrá.

1. Mál. Erindisbréf nefndarinnar kynnt.

Bréfið var samþykkt á fundi hreppsnefndar 20. feb. 07. Punktakerfi sem hefur verið í gangi hjá tveimur bekkjum í skólanum rætt. Kemur vel út og kennarar segja það virka.

2. Mál. Skýrsla skólastjóra.

María. sagði frá góðum fyrirlestri í Sjónarhóli ásamt því að sundkennsla hefur verið færð yfir á föstudaga.

Þar sem Arnar er fjarverandi þá sagði Helgi frá því helsta sem er á döfinni í Þórshafnarskóla.

3. Mál. Skýrsla leikskólakennara.

Steinunn: Fram kom að tvö börn eru á biðlista eftir leikskólaplássi. Starfsfólki hefur verið fjölgað um tvo vegna fleiri barna og aukatíma í sérkennslu. Steinunn sagði frá bréfi frá Menntamálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir upplýsingum um það hvort skólanámsskrá og eða opinber uppeldisstefna er fyrirbyggjandi.

Rósa sagði frá því að áttuna barnið á Krakkakoti væri í aðlögun. Jafnframt sagði hún frá stöðu mála varðandi leiktæki en kr. 500.000,- eru á fjárhagsáætlun til kaupa á þeim.

4. Mál. Námskeið Sambands ísl. sveitarfélaga á Akureyri 9. mars

Málið kynnt og nefndarmenn hvattir til þátttöku.

5. Norræna skólaráðstefnan “ Bránnpunkt Norden” 10. -11. maí.

Samþykkt að Sigurður Jóhannes Jónsson sækir ráðstefnuna.

6. Mál Heimili og skóli. Foreldraverðlaun 2007. Kynnt.

Formaður og varaformaður kynntu málið.

7. Mál. Önnur mál.

Formaður kynnti bréf sveitarstjóra varðandi leiðréttingu á kennaralaunum. Jafnframt kynnti hann jákvæð málalok í erindi sem fært var í trúnaðarmálabók á síðasta fundi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:20.

Sigurður Ragnar Kristinsson, ritari.